



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FORSETA INDLANDS

NÝR SENDIHERRA INDLANDS Á ÍSLANDI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í morgun samúðarkveðju til forseta Indlands, Pratibha Patil, vegna hinna hræðilegu hryðjuverkaárása í Mumbai. Indland hefði á undanförunum áratugum verið öflugt og litríkt lýðræðissamfélag þar sem allir trúarhópar njóta sömu réttinda og leitað er friðsamlegra lausna á vandamálum með samkomulagi og sátt. Árásir hryðjuverkamanna á íbúa og ferðamenn í hinni friðsömu Mumbai væru atlaga að lýðræðislegu samfélagi, ekki aðeins á Indlandi heldur einnig á veraldarvísu.

Hugur Íslendinga væri með indversku þjóðinni enda mætum við mikils þá vináttu sem Indverjar hefðu í vaxandi mæli sýnt Íslendingum á undanförunum árum.

Síðar í dag mun nýr sendiherra Indlands á Íslandi, Sivaraman Swaminathan, afhenda trúnaðarbréf sitt á Bessastöðum. Hann er fyrsti sendiherra Indlands gagnvart Íslandi sem hefur búsetu á Íslandi. Það er vitnisburður um aukna samvinnu landanna og vináttu Indverja í garð Íslendinga að þeir eru nú að opna sendiráð á Íslandi.

27. nóvember 2008

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).